



Skálanefndir hjá FFA og hlutverk þeirra:

Hlutverk formanna nefnda hjá FFA:

Bera ábyrgð á starfi nefndarinnar. Kalla nefndarfólk saman eftir þörfum og verkefnum nefndarinnar. Halda nefndarmönnum og stjórn FFA upplýstum um allt sem snýr að starfi nefndarinnar.

Skálanefndirnar eru sex fyrir skála félagsins sem eru:

1. Botni og Dyngjufell í Dyngjufjalladal
2. Bræðrafell vestan Herðubreiðar
3. Dreki við Drekgil þar eru þrjú hús auk snyrtihúss
4. Lambi á Glerárdal
5. Laugafell við Laugafell í Eyjafirði þar eru tvö hús auk snyrtihúss og laugar
6. Herðubreiðarlindir. Þar er Þorsteinsskáli, Strýta og snyrtihús. Stórt tjald bættist við 2023.

Skálanefndir sjá alfarið um skála félagsins, allt viðhald þeirra, að koma gasi, olíu og fleiru í skálana þegar hægt er og eftir þörfum. Tryggja að ekkert vanti og allt sé í lagi í skálunum. Í opunarferðum eru skálarnir gerðir klárir fyrir sumarið með því að hreinsa allt og taka til, skipta út því sem þarf, viðra dýnur og skipta um dýnuver auk þess að bera á palla og hús eftir þörfum. Í lokunarferðum að hausti er gengið frá öllu fyrir veturinn, allt tekið með sem ekki á að vera þar, skálunum lokað fyrir veturinn.

Febrúar 2024